



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Á fundi borgarráðs þann 27. nóvember lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um innleiðingu á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

Á fundi borgarstjórnar 19. mars 2019 var samþykkt endurskoðuð stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum ásamt verklagi með stefnunni. Endurskoðun var í höndum þverpólitísku stýrihóps undir forystu borgarfulltrúa Flokks fólksins. Innleiðing stefnunnar er á ábyrgð mannauðsdeildar Ráðhúss Reykjavíkur sem annast innleiðingarferlið á öllum stofnunum Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvernig innleiðing hefur gengið, hvar innleiðingarferlið er stadd og hvernig hefur því verið háttað.

Svar:

Staða innleiðingar á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum ásamt verklagi með stefnunni, í janúar 2021

Endurskoðuð stefna og verkferlar Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem samþykkt var á fundi borgarráðs 19. mars 2019 hefur frá þeim tíma verið virk og kynnt á innri vef starfsfólks, Fróða. Mannauðs og starfsumhverfissvið ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og hefur stefnan og verkferlar verið kynnt stjórnendum m.a. í gegnum forystunám borgarinnar. Hún er einnig hluti af kynningu fyrir nýtt starfsfólk m.a. í nýju móttökuferli sem kynnt var í lok september 2020.

Á árinu 2019 vann starfshópur um fræðslu og starfsþróun hugmyndavinnu varðandi innleiðingu nýrrar stefnu og verkferils og hélt vinnustofur með fagsviðum um innleiðinguna. Meðal þess sem áhugi var á að gera var að búa til myndband til kynningar en ekki var til staðar fjármagn til myndbandagerðar og varð því ekki af myndabandagerðinni á þeim tíma. Verkefnið er enn hjá starfshópi um fræðslu og starfsþróun en hefur táfist bæði vegna COVID og vegna þess að í mars 2020 komu ábendingar frá Vinnueftirliti varðandi stefnuna og verkferilinn. Unnið var úr ábendingum Vinnueftirlitsins og í nóvember 2020 var gefinn út uppfærður verkferill. Meginbreytingar lúta að framsetningu verkferils og því sem kalla má „óformleg meðhöndlun

máls“ sem er nú aðskilin frá formlegum verkferli. Uppfærður verkferill, er því í tveimur skjölum á innri vef og var gefinn út 8. nóvember sl. Á sama tíma var dreift þremur nýjum upplýsinga og kynningarmyndböndum fyrir allt starfsfólk um einelti og áreitni á vinnustöðum. Myndböndin sem unnin voru af verkefnahópi sem m.a. einn fulltrúi Reykjavíkurborgar sat í, eru fjármögnuð úr styrktarsjóði Dr. Brynju Bragadóttur, sálfræðings sem helgaði sig m.a. málefnum sem snúa að einelti og áreitni. Myndböndunum hefur verið dreift í mörgum stofnunum og fyrirtækjum. Markmið Reykjavíkurborgar með að kynna þessi myndbönd innan starfsstaða borgarinnar er að styðja við stjórnendur og starfsfólk í þessum erfiða málaflokki. Innleiðing á stefnu og verkferli gegn einelti, áreitni og ofbeldi er því komin vel á veg. Farið er vel yfir stefnu og verklag í forystunámi Reykjavíkurborgar og lögð df áhersla á það hlutverk stjórnenda að tryggja að starfsfólk viti hvert það geti snúið sér ef það hefur einhvern grun um einelti eða áreitni eða upplifir slíkt sjálf. Starfsfólk hefur aðgengi að stefnu, verkferli og tengdum eyðublöðum á innri vef. Hvað varðar frekari innleiðingu þá er hafin undirbúningur að því að þýða uppfærðan verkferil á ensku og pólsku og farið verður í myndbandagerð til að kynna enn frekar stefnuna og verkferilinn. Þar sem tryggja þarf að starfsfólk hafi alltaf góðar upplýsingar um málaflokkinn má telja innleiðingu aldrei lokið og því verður haldið áfram að koma upplýsingum á framfæri við stjórnendur og starfsfólk.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs